



110 Barnatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Grundvöllur váttryggingarsamnings og orðskýringar.

- 1.1 Grundvöllur váttryggingarsamningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á umsóknareyðublaðinu og önnur gögn sem tengjast samningnum.
- 1.2 Í skilmálum þessum hafa eftirtalin hugtök eftirfarandi merkingu:
 - a. félagið, TM líftryggingar hf.,
 - b. sjúkdómur, heilsubrestur sem ekki flokkast undir slys og hefur í för með sér að líkamleg eða andleg færni váttryggðs skerðist sannanlega vegna hans,
 - c. slys, skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans, en við meiðsli á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans; útlimir eru samkvæmt skilmálum þessum griplimír, frá axlarlið að telja, og ganglimír frá mjaðmarlið.
 - d. váttryggður, sá einstaklingur á aldrinum þriggja mánaða til 25 ára sem váttryggingin tekur til,
 - e. váttryggingaratburður, atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið,
 - f. váttryggingarsamningur, sá samningur sem í gildi er milli félagsins og váttryggingartaka um barnatrygginguna,
 - g. váttryggingartaki, sá einstaklingur er gerir samning við félagið um barnatryggingu,
 - h. vísitala, vísitala neysliverðs til verðtryggingar.

2. Gildistími váttryggingarinnar, upphaf og lok ábyrgðar félagsins.

- 2.1 Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur móttengið skriflega umsókn um váttrygginguna að því tilskildu að umsókninni verði ekki hafnað á grundvelli upplýsinga um áhættuna. Ábyrgð félagsins tekur heldur ekki til tjóns af völdum atvika sem höfðu gerst við móttöku umsóknarinnar og félagið hefði fengið vitneskju um við athugun sína á henni og leitt hefðu til þess að váttryggingunni hefði verið hafnað.
- 2.2 Váttryggingin endurnýjast árlega til loka þess mánaðar er váttryggður nær 25 ára aldri, enda hafi hún ekki fallið úr gildi áður vegna vangreiðslu iðgjaldsins, sbr. (samanber) gr. (grein) 3.2.
- 2.3 Váttryggingin nær ekki til barna yngri en þriggja mánaða. Váttryggingin nær heldur ekki til einstaklinga sem hafa náð 16 ára aldri þegar sótt er um váttrygginguna.
- 2.4 Vilji váttryggingartaki segja váttryggingunni upp skal uppsögnin vera skrifleg.

3. Iðgjaldsgreiðslur og áhrif þess sé iðgjald ekki greitt.

- 3.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 3.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. (samkvæmt) 1. mgr. (málgrein) er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 3.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 3.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 3.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald hlutfallslega fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi.
- 3.6 Hafi ábyrgð félagsins fallið niður vegna vangreiðslu skv. 2. mgr. eftir að iðgjald hefur verið greitt fyrir eitt ár hið skemmsta má endurvekja váttrygginguna án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til, ef vangoldið endurnýjunariðgjald ásamt áföllnum dráttarvöxtum er greitt að fullu innan þriggja mánaða eftir að ábyrgðin féll niður. Hefst þá ábyrgðin daginn eftir að fullnaðargreiðsla var innt af hendi.
- 3.7 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.



110 Barnatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

4. Svik og rangar upplýsingar.

- 4.1 Hafi vátryggingartaki eða vátryggður við gerð vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 83. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 84. gr. laganna.
- 4.2 Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við viðkomandi eins og nánar greinir í 120. gr. vátryggingarsamningalaga.

5. Hvar vátryggingin gildir.

- 5.1 Vátryggingin gildir á Norðurlöndum.
- 5.2 Vátryggingin gildir í eitt ár ef vátryggður flytur til annars lands en getið er um í 1. mgr.
- 5.3 Vátryggingin gildir jafnframt á ferðalagi vátryggðs erlendis frá búsetulandi skv. 1. eða 2. mgr. í allt að 92 samfellda ferðadaga.

6. Takmarkanir á bótaskyldu vegna slysa og sjúkdóma.

- 6.1 Félagið greiðir ekki bætur vegna sjúkdóma sem sýnt höfðu einkenni áður en vátryggingin tók gildi og heldur ekki vegna slysa sem urðu áður en hún tók gildi.
- 6.2 Félagið bætir ekki tjón, sem ella væru bótaskyld skv. 19.-21. gr.:
 - a. sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjalda, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, upppots eða svipaðra aðgerða,
 - b. sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara,
 - c. sem vátryggður verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði,
 - d. sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms,
 - e. sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja,
 - f. vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka,
 - g. sem beint eða óbeint má rekja til asbests,
 - h. sem verða í flugi nema vátryggður sé farþegi í áætluðum- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda,
 - i. sem verða í fjallaklifri, ísklifri, bjargsigi, froskköfun, hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, hvers konar svíf- og drekaflugi, fallhlífarstökki og teygjustökki,
 - j. sem vátryggðir 18 ára og eldri verða fyrir vegna þátttöku í keppni eða æfingum til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum.
- 6.3 Örorkubætur, sbr. 19. gr., greiðast ekki ef slys eða sjúkdómur er af völdum vélknúinna ökutækja, sem skráningarskyld eru á Íslandi né af völdum ökutækja sem skráð eru erlendis þar sem lögboðið er að vátryggja ökutæki vegna slíkra tjóna.
- 6.4 Valdi vátryggður vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í lögum um vátryggingarsamninga.

7. Sérstakar takmarkanir vegna sjúkdóma.

- 7.1 Félagið greiðir ekki bætur vegna meðfæddra sjúkdóma. Bætur eru ekki heldur greiddar vegna afleiðinga sjúkdóms ef telja má líklegt samkvæmt læknisfræðilegum rannsóknum að hann hafi verið til staðar við fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði ævinnar.
- 7.2 Takmarkanir skv. 1. mgr. gilda ekki komi sjúkdómseinkenni fyrst fram þegar vátryggður hefur náð sex ára aldri.
- 7.3 Félagið greiðir ekki bætur vegna eftirtalinnna sjúkdóma, heilkenna eða ástands án tillits til hvenær einkenni þeirra koma fyrst fram:
 - a. hvers konar þroskafrávika og þroskahömlunar, þ.á m. Downs-heilkenna,



110 Barnatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- b. ADD, DAMP eða ADHD (athyglisbrests, misproska og athyglisbrests með ofvirkni),
 - c. Asperger heilkenna,
 - d. einhverfu,
 - e. lesblindu eða annarra námsraskana,
 - f. Tourette heilkenna,
 - g. OCD (áráttu- og þráhyggju),
 - h. geðraskana eða geðsjúkdóma, en með því er t.d. átt við persónuleikatruflanir, átraskanir, taugageðrænar raskanir, geðveiki, hugröskun, þunglyndi eða langvinna þreytu.
- 7.4 Félagið greiðir ekki bætur vegna sjúkdóma sem rót eiga að rekja til misnotkunar áfengis, lyfja eða vímuefna.
- 7.5 Í gögnum sem aflað er í tengslum við kröfu um bætur úr váttryggingunni skal þess sérstaklega getið hvort váttryggingaratburð megi rekja til atvika sem greinir í 1.-4. mgr. hér að framan.

8. Ráðstafanir vegna slysa eða sjúkdóma.

- 8.1 Váttryggður skal leita læknis strax eftir að váttryggingaratburð hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.
- 8.2 Tilkynna skal váttryggingaratburð þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.
- 8.3 Ef svo ber við hefur félagið rétt til þess að láta fara fram krufningu á líki hins látna.
- 8.4 Þegar sjúkdóm eða slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta lækni skoða váttryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.
- 8.5 Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyss eða sjúkdóms skal senda félaginu læknisvottorð. Félagið aflar þá mats á afleiðingum slyss eða sjúkdóms í samráði við váttryggðan. Slíkt mat skal jafnan lagt til grundvallar við ákvörðun bóta úr váttryggingunni.
- 8.6 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

9. Greiðsla bóta og vextir.

- 9.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta váttryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Váttryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. lögum um váttryggingarsamninga.

10. Fyrning.

- 10.1 Kröfur sem falla undir váttryggingu þessa fynrast samkvæmt ákvæðum laga um váttryggingarsamninga og eftir atvikum laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.

11. Vísitölubinding váttryggingarfjárhæða og iðgjalds.

- 11.1 Váttryggingarfjárhæðir þær sem greindar eru í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun breytast fyrsta dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingar á þeirri grunnvísitölu sem greind er í skírteininu eða endurnýjunarkvittun. Ef iðgjald greiðist á fleiri gjalddögum en einum skal iðgjald á öðrum og síðari gjalddögum breytast á sama hátt í hlutfalli við vísitöluna. Lækkun vísitölunnar hefur ekki áhrif til lækkunar, hvorki á iðgjaldið né váttryggingarfjárhæðina.

12. Vísitölubinding bótafjárhæða.

- 12.1 Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli váttryggingarfjárhæða þegar váttryggingaratburður varð. Að frátöldum dánarbótum breytast bótafjárhæðir með vísitölu eins og nánar greinir í 2. og 3. mgr.
- 12.2 Örorkubætur skv. 19. gr. breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi eða upphafsdegi sjúkdóms til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þann tíma sem örorkumati er frestað skv. því sem mælt er fyrir um í b-lið gr. 19.6.
- 12.3 Bætur fyrir sjúkrahúslegu skv. 20. gr. og bætur vegna umönnunar á heimili skv. 21. gr. breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá váttryggingaratburði til uppgjörsdags.



110 Barnatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

13. Breytingar á grundvelli váttryggingarinnar.

- 13.1 Félagið áskilur sér rétt til breytinga á iðgjaldaskrá ef almenn áhættuaukning verður eða almennar forsendur váttryggingarinnar reynast aðrar en áætlað var.
- 13.2 Verði breyting á grundvelli vísitölu neysliverðs til verðtryggingar skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu skv. nýjum grundvelli við vísitölu skv. eldri grundvelli.

14. Þagnarskylda.

- 14.1 Félagið og starfsfólk þess fer með upplýsingar um barnatrygginguna sem trúnaðarmál.

15. Lög um váttryggingarsamninga.

- 15.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.

16. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 16.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 16.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 16.3 Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 16.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

17. Bótasvið.

- 17.1 Bætur úr váttryggingunni eru:
 - a. dánarbætur, sbr. 18. gr.
 - b. örorkubætur vegna slysa og sjúkdóma, sbr. 19. gr.
 - c. bætur vegna sjúkrahúslegu, sbr. 20. gr.
 - d. bætur vegna umönnunar á heimili, sbr. 21. gr.

18. Dánarbætur.

- 18.1 Félagið greiðir váttryggingartaka bætur sem tilgreindar eru í váttryggingarskírteini ef váttryggður deyr á gildistíma hennar. Ef váttryggður deyr eftir að hann nær 18 ára aldri greiðast bætur í samræmi við XV. kafla laga nr. 30/2004. Við greiðslu dánarbóta samkvæmt þessari grein fellur váttryggingin úr gildi.

19. Örorkubætur.

- 19.1 Valdi slys váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku (varanlegum miska) innan þeirra tímamarka sem greinir í b. lið 6. mgr., greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar grunnváttryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi, sbr. 11. og 12. gr.
- 19.2 Valdi sjúkdómur váttryggðum varanlegri læknisfræðilegri örorku (varanlegum miska) innan þeirra tímamarka sem greinir í b. lið 6. mgr., greiðast bætur á grundvelli þeirrar grunnváttryggingarfjárhæðar sem í gildi var þegar staðfest var að váttryggður væri haldinn sjúkdóminum, sbr. 11. og 12. gr. Upphaf sjúkdóms (váttryggingaratburður) miðast við þann dag þegar staðfest er að váttryggður er haldinn sjúkdómi sem leiðir til greiðslu örorkubóta.
- 19.3 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu váttryggðs. Sé áverka eða sjúkdómseinkenna váttryggðs ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Ekki greiðast bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku ef hún er metin lægri en 10% og hún getur aldrei talist hærri en 100%
- 19.4 Bætur vegna varanlegs líkamstjóns greiðast í hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæðina, sbr. 1. og 2. mgr., þó þannig að hvert örorkustig frá 26–50% vegur tvöfalt, hvert örorkustig frá 51–75% vegur fjórfalt og hvert örorkustig frá 76–100% vegur sexfalt. Við 100% örorku verða bætur því 325% af grunnváttryggingarfjárhæð.



110 Barnatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

19.5 Örorkubætur eru ekki greiddar ef sjúkdómur er staðfestur eftir að vátryggingin féll úr gildi.

19.6 Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Missir eða bæklun á útlím eða líffæri, sem var ónothæft fyrir vátryggingaratburð, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir vátryggingaratburð.
- b) Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir vátryggingaratburð og skal hún metin með hliðsjón af ástandi vátryggðs þá. Sé vátryggður yngri en 15 ára þegar vátryggingaratburður varð og telji sá sem matið framkvæmir að ekki sé tímabært að leggja endanlegt mat á afleiðingar slyssins eða sjúkdómsins skal endanlegu örorkumati frestað í allt að 10 ár frá vátryggingaratburði eða til þess tíma að vátryggður nær 20 ára aldri eftir því hvort tímamarkið ber síðar að höndum. Hafi vátryggður náð 15 ára aldri en sé yngri en 20 ára þegar vátryggingaratburður varð skal örorkumati þó aldrei frestað lengur en í 6 ár frá vátryggingaratburði og hafi hann náð 20 ára aldri þegar vátryggingaratburður varð skal matinu aldrei frestað lengur en í 3 ár. Sé augljóst að vátryggður muni búa við varanlegar afleiðingar af völdum vátryggingaratburðarins skal þó meta til bráðabirgða hver sú örorka verði að lágmarki.
- c) Örorkumat skal undantekningarlaust framkvæmt þegar því verður ekki lengur frestað skv. því sem greinir í b-lið hér að framan, jafnvel þótt gera megi ráð fyrir því að heilsufar vátryggðs eigi eftir að breytast. Ber þá að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand vátryggðs megi bæta með læknismeðferð, skurðaðgerð, þjálfun eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs (örorku) að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð eða aðgerð kynni að hafa í för með sér.
- d) Ef vátryggingaratburður veldur einungis lýti greiðast engar bætur.

19.7 Ef vátryggður deyr áður en kemur til greiðslu örorkubóta en eftir að örorkumat skv. b- eða c-lið hér á undan hefur verið framkvæmt, greiðast bætur skv. því örorkumati. Örorkubætur greiðast hins vegar ekki ef vátryggður deyr áður en örorkumat hefur verið framkvæmt.

20. Bætur vegna sjúkrahúslegu.

- 20.1 Ef sjúkdómur eða slyss hefur í för með sér að vátryggður þarf að dveljast á sjúkrahúsi í 5 daga samfleytt eða lengur greiðir vátryggingin vátryggingartaka bætur, sem nánar eru tilgreindar í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun, fyrir hvern dag frá innlagnardegi.
- 20.2 Bótatími er að hámarki 365 dagar vegna sama sjúkdóms eða slyss. Sjúkdómar og önnur sjúkdómseinkenni, þ. á m. af völdum slyss, með læknisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstilfellið.
- 20.3 Ef bætur hafa verið greiddar samkvæmt 1. mgr. og vátryggður leggst aftur inn á sjúkrahús innan tólf mánaða frá lokum fyrri sjúkrahúsvalar, vegna sama sjúkdóms eða slyss, á hann rétt til bóta frá innlagnardegi ef bótadagarnir 365 eru ekki fullnýttir.
- 20.4 Þegar bótaskylda vegna sjúkrahúslegu er ákveðin verður að liggja fyrir staðfesting læknis eða sjúkrahúss um upphaf og lok sjúkrahúsvistarinnar auk þess sem gætt skal ákvæða í gr. 7.5.
- 20.5 Bætur vegna sjúkrahúsvistar falla niður þegar vátryggður nær 18 ára aldri.

21. Bætur vegna umönnunar á heimili.

- 21.1 Ef vátryggður greinist með sjúkdóm eða verður fyrir slysi sem veitir rétt á umönnunarbótum frá almannatryggingum, greiðir vátryggingin bætur til vátryggingartaka. Bótaréttur helst svo lengi sem skilyrði fyrir bótagreiðslu eru uppfyllt, þó ekki lengur en til 18 ára aldurs vátryggðs en að hámarki í 10 ár. Ef vátryggður andast, fellur réttur til bóta niður í lok andlátsmánaðar.
- 21.2 Vátryggingarfjárhæðin kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Fjárhæð bóta í hverju tilviki ræðst af því hve mikill réttur er í tilviki vátryggðs til umönnunarbóta skv. almannatryggingalöggjöfinni, löggjöfinni um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu eins og hér segir:
 - a) sé réttur til umönnunarbóta er 80-100%, greiðast fullar bætur,
 - b) sé réttur til umönnunarbóta 61-80%, greiðast bætur sem nema 75% af vátryggingarfjárhæðinni,
 - c) sé réttur til umönnunarbóta 41-60%, greiðast 50% af vátryggingarfjárhæðinni,
 - d) sé réttur til umönnunar bóta 20-40%, greiðast 25% af vátryggingarfjárhæðinni.

21.3 Bætur eru greiddar mánaðarlega og hefjast bótagreiðslur í upphafi næsta mánaðar eftir að réttur til þeirra stofnast.

Skilmálar þessi gilda frá 16. mars 2015